

# Divide et impera

## Hildur Svavarsdóttir

heimilislæknir  
heilsugæslustöðinni  
Hvammi



[hildursvavarsdottir@hotmail.com](mailto:hildursvavarsdottir@hotmail.com)

Að deila og drottna (latína: *divide et impera*) er ákveðin stjórnunaraðferð og hernaðarlist þar sem reynt er að kljúfa fólk í mismunandi hópa og hindra að hugsanlegir andstæðingar þínir geti tengst saman og myndað stærri heild og þar með staðið sterkari saman. Þessi aðferð hefur verið óspart notuð af hernaðarsnillingum og pólitíkusum í gegnum tíðina, meðal annars af ekki ómerkari mönnum en Napoleoni og Sesari segir sagan. Þegar „best“ tekst til nægir að halla sér aftur á bak og horfa á andstæðingana berast á banaspjót innbyrðis, stundum bókstaflega.

Þessi stjórnkænsla á enn við og þarf ekki að rekja langt aftur í tímann til að sjá að þetta hefur einnig brunnið á okkur læknum. Sérstaklega þegar launakjör

og önnur hagsmunamál eru í deiglu. Hefur það oft komið viðsejendum vel að geta att saman mismunandi sérgreinum og hópum lækna. Má þar nefna sjálfstætt starfandi læknum gegn þeim sem starfa hjá hinu opinbera, unglæknum gegn sérfræðingum og svo framvegis. Aðstæður þessara hópa geta vissulega verið afar misjafnar og hagsmunirnir virst ólíkir svo það er kannski ekki óeðlilegt að stundum verði árekstrar. Það verður því að teljast mikill sigur og fagnaðarefni fyrir stéttina að í kjaradeilunni undanfarið hafa lækna staðið saman og fylkt sér að baki samninganefndinni og stjórn Læknafélagsins. Reyndar vil ég segja forsvarsmönnum lækna í deilunni það til hróss að sérstaklega vel hefur verið vandað til alls undirbúnings og gott samstarf haft við grasrótina, meðal annars með skoðanakönnunum um óskir og forgangsröðun, auk kynningarfunda.

Auðvitað er aldrei hægt að uppfylla allar óskir og vissulega eru atriði sem ræða þarf betur en vonandi leysast þau í framtíðinni. Þetta eru þó að mínu mati minniháttar hnökrar og það sem virðist standa upp úr í huga allra er samheldnin og samstaðan sem náðist. Ég finn einnig á kollegunum að bæði ánægja og vellíðan, auk ákveðins faglegs stolts, fylgir því að

hafa náð svona mikilli samstöðu á erfðum tímum.

Ég tel afar mikilvægt að við lækna höldum áfram að standa saman um þau mál sem brenna á okkur og skjólstæðingum okkar. Auðvitað verða alltaf skiptar skoðanir en þær má ræða málefnalega og komast að samkomulagi sem gengur upp. Við munum öll standa sterkari eftir og það mun ekki einungis koma lækna stéttinni til góða heldur einnig þeim sem til okkar sækja. Þjónustan verður betri og faglegri og samfélagið í heild hagnast á því. Næg verkefni eru framundan og mjög margt sem þarf að bæta til að byggja upp heilbrigðiskerfið. Vonandi tekst að snúa við þeirri óheillaþróun sem orðið hefur síðastliðin ár. Auðvitað er það fyrst og fremst á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að landsmenn fái viðunandi heilbrigðisþjónustu en við lækna höfum aldrei skorast undan okkar ábyrgð og alltaf sinnt okkar hlutverki af fagmennsku, vandvirkni og alúð. Þar skiptir samstaða okkar lækna miklu máli. Rödd okkar er sterk ef við tölum einum rómi, vonandi nægilega sterk til þess að á sé hlustað og við náum eyrum stjórnvalda í þágu heilbrigðiskerfisins og landsmanna.



## Fyrirlesarar öldungadeildar í febrúar og mars

Stefán Jón Hafstein kemur á fund okkar 4. febrúar. Segir hann þá frá upplifun sinni í Afríku. Fyrirlesturinn nefnist *Afríka - ást við aðra sýn* eins og reyndar einnig nýútkomin bók hans. Vefsíða hans er [stefanjon.is](http://stefanjon.is)

Jón Kristjánsson fiskifræðingur mun svo koma til okkar 4. mars og ræða um ýmislegt sem á döfni er.

Fundur öldungadeildar eru jafnan fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og hefjast kl. 16, en fyrst fáum við okkur kaffi og vinarbrauð frá kl. 15.30.

Þeir félagar í öldungadeildinni sem hafa ekki fengið netpóst með tilkynningum um fundi eru beðnir að senda póst til [mbe@talnet.is](mailto:mbe@talnet.is) eða tilkynna það skrifstofu Lí og geta um netfang.

### Stjórn Lí 2014

Porbjörn Jónsson, *formaður*  
Orri Þór Ormarsson, *varaformaður*  
Magnús Baldvinsson, *gjaldkeri*  
Magdalena Ásgeirsdóttir *ritari*  
Arna Guðmundsdóttir  
Björn Gunnarsson  
Guðrún Jóhanna Georgsdóttir  
Hildur Svavarsdóttir  
Þórarinn Ingólfsson

Fulltrúi FAL er Tinna Harper Arnardóttir

Í pistlum *Úr penna stjórnarmanna Lí* birta þeir sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.